

# Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2023, þriðjudaginn 4. júlí kl. 11:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1216. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 2. hæð Borgartúni 12-14, Bergvík.

Fundinn sátu: Nikulás Úlfar Másson, Kristín B I. Sverrisdóttir, Margrét Pálína Cassaro og Sigrún Reynisdóttir.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

## Þetta gerðist:

- Austurstræti 12A - USK23030004** Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi kjallara, síkka gólf um 60 sm og innrétta bar með setsvæði, salernum yrir gesti og starfsfólk ásamt öðrum stoðrymum, einnig verður kjallarainngangi og gluggafleti 1. hæðar breytt á suðurhlið verslunar- og þjónustuhúss á lóð nr. 12A við Austurstræti. Erindi fylgir ódagsett bréf frá hönnuði, minnisblað verkfræðistofunnar Hnit ehf, dags. 27. mars 2023. Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Vísad til athugasemda.*

- Álfabakki 12 - USK23050118** Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og opna á milli tveggja rýma sem bæði eru í rými 0105 í verslunar- og skrifstofuhúsi að Álfabakka 12, mhl.05, á lóðinni Álfab. 12-16/Pönglab. Gjald kr. 14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

- Bjarnarstígur 9 - USK23050253** Sótt er um leyfi til að byggja svalir á 2. hæð og í risi á húsi á lóð nr. 9 við Bjarnarstíg. Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Málinu vísad til umsagnar skipulagsfulltrúa.*

- Brúnavegur 13 - BN061571** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN047035, inngangshurð að norðanverðu færð utar og brunamótstöðu tveggja hurða minnkuð í matshluta, nr. 09, 10 og 11 í húsinu Jökulgrunn nr. 2-6 á lóð nr. 13 við Brúnaveg. Stækkun á matshlutum nr. 09, 10 og 11. Stærð eftir br. Mhl. 09: 397,6 ferm., 1.155,7 rúmm. Stærð eftir br. Mhl. 10: 392,8 ferm., 1.144,1 rúmm. Stærð eftir br. Mhl. 11: 397,6 ferm., 1.155,7 rúmm. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttar erindis BN047035 og bréf brunahönnuðar dags. 19. september 2022. Gjald kr.13.200.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Skilyrt er að ný eignaskiptaxfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.*

*Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.*

5. **Dyngjuvegur 18 - BN061051** Sótt er um leyfi til að setja niður færanlegar kennslustofur, sex deilda leikskóla fyrir 100 börn á meðan unnið er að endurbótum núverandi mannvirkja á lóð, um er að ræða byggingu úr forsmíðuðum gámaeiningum á einni hæð með stjórnunarrými, sérkennslurými, móttökueldhúsi og stoðrymum, staðsett á núverandi bílastæði sunnan við hús á lóð nr. 18 við Dyngjuveg.

Stærð: 792,0 ferm., 2.502,7 rúmm.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. júní 2022 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2022. Erindi var grenndarkynnt frá 30. ágúst 2022 til og með 27. september 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Sigurður Baldursson, Kristín Bernharðsdóttir og Þórður Ásmundsson dags. 27. september 2022. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022 fylgir erindi.

Gjald kr. 12.600.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

6. **Egilsgata 14 - BN060948** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi íbúða, hæðarlegu lóðar við hús og til að byggja bílskúr í vesturhorni lóðar þrívíðishúss nr. 14 við Egilsgötu.

Bílgeymsla: 34,8 ferm., 106,8 rúmm.

Erindi fylgir mæliblað, yfirlit breytinga og leiðrétt eyðublað byggingarleyfisumsóknar f. umfjöllun og umsækjendur.

Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. ágúst 2022 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022, bréf skipulagsfulltrúa dags. 19. ágúst 2022, útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. september 2022 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. september, og bréf skipulagsfulltrúa dags. 5. september 2022.

Gjald kr. 14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.*

*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

7. **Fiskislóð 24 - USK23050278** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í breytingum á gluggum, hækkun einnar innkeyrsluhurðar, fjölgun inngangshurða, fjölgun glugga, færsla og breyting á stiga innanhúss upp á millipall, breyting á innra skipulagi millipalls og 1. hæðar, jafnframt er sótt um leyfi til breytinga á innra skipulagi í rými 0101 og 0102, matshluta 01 í húsi nr. 24 við Fiskislóð.

Stækkun/Minnkun: xx,x ferm., xx,x rúmm. Erindi fylgir minnisbla Faxaflóahafna dags. 20. október 2022, minnisblað ráðgjafa vegna stiga dags. 20. október 2022 og bréf hönnuðar dags. 3. nóvember 2022.

Gjald kr.14.000.

*Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*

8. **Fjallkonuvegur 1 - USK23050055** Sótt er um leyfi fyrir spenn- og rofastöð á lóð nr. 1 við Fjallkonuveg. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. júní 2023 fylgir erindi.

Gjald kr.14.000.

*Frestað. Lagfæra skráningu.*

9. **Flókagata 57 - USK23040124** Sótt er um leyfi til að setja nýjan Velux þaklugga á vestanverðu þaki, færa til inngangshurð á þriðju hæð og víxla eignarhaldi á tveimur geymslum í húsi á lóð nr.57. Erindi fylgir rafræn undirskrift allra eigenda að Flókagötu 57 dags. 27. mars 2023, samkomulag milli tveggja fasteignareigenda að skiptingu eignarhalds dags. 27. febrúar 2020 og minnisblað burðarþolshönnuðar dags. 23. júní 2023. Gjald kr.14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

10. **Frakkastígur 9 - USK23020245** Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi fyrir veitingastað í flokki II, teg. c., veitingastofa og greiðasala, á tveimur hæðum, fyrir allt að 55 gesti í húsi á lóð nr. 9 við Frakkastíg. Erindi fylgir afrit tölvupósts dags. 6. febrúar 2023, yfirlit breytinga, greinargerð hljóðvistar dags. 7. apríl 2021, mæliblað, greinargerð brunahönnuðar dags. 15. febrúar 2023 Gjald kr.14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.*

11. **Freyjugata 46 - USK23010202** Sótt er um leyfi til þess að fjarlægja stórt tré við lóðarmörk, stækka garðskála og koma fyrir kamínu við suðvesturúttvegg garðskála, mhl. 03, á lóð nr. 46 við Freyjugötu. Stækkun: 8.9 ferm. xx.x rúmm. Erindi fylgir samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóða á teikningu Ask ehf. nr. 10-01 dags. 30. mars 2023, lóðauppdráttur 1.196.1 dags. 16. maí 2011, yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 27. júlí 1999 og ódagsett loftmynd af lóð. Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda. Uppfærð gögn framsend til skipulagsfulltrúa.*

12. **Gelgjutangi Skolp - USK23040194** Sótt er um leyfi til þess að rífa spenn- og skolpdælustöð á lóðinn Gelgjutangi Skolp. Stærð mannvirkis; 72.4 ferm., 679 rúm.,. Erindi fylgir afrit af tölvupósti frá hönnuði dags. 3. júlí 2023, áætlun um meðhöndlun á byggingar- og niðurrifsúrgangi, og teikning 730-vrk-0048-1 dags. 17. desember 2020. Gjald kr. 14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

13. **Grandagarður 9 - USK23040006** Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi 2. hæðar, koma þar fyrir pizzaofni og frá honum reyrörri eftir lofti og út um vegg á norður hlið og uppfyrir þak á veitinga- og þjónustuhúsi nr. 11 á lóð nr. 9 við Grandagarð. Erindi fylgir Fylgiskjal 1 ; afmörkun breytinga og Fylgiskjal 2, yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 13. mars 2018. Gjald kr. 14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

14. **Grjótháls 7-11 - USK23050120** Sótt er um leyfi til að reisa dreifistöð raforku, úr forsteyptum einingum á þar til gerðum byggingarreit á bílastæði við norðurmörk lóðar nr. 7-11 við Grjótháls. Stærð: 17.3 ferm., 62.3 rúmm. Erindi fylgir mæliblað 4.304.0 dags.23. mars 2023 og hæðarblað frá árinu 1978. Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Lagfæra skráningu.*

15. **Hestháls 6-8 - USK23050248** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í austurenda hússins, rífa vindfang á fyrstu hæð og byggja skýli yfir lyftara á norðurhlið hússins auk þess sem sótt er um leyfi til að klæða með sléttum 4 mm álplötum hús á lóð nr. 6-8 við Hestháls.  
Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

16. **Holtsgata 23 - USK23050318** Sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti og svalir á hús nr. 23 við Holtsgötu.  
Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

17. **Hávallagata 17 - USK23010303** Sótt er um leyfi til þess að gera kvisti á austurþekju húss, hækka handrið svala 1. og 2. hæðar og breyta innra skipulagi íbúða 0201 og 0301 í íbúðarhúsi á lóð nr. 17 við Hávallagötu.  
Stækkun: 0.0 ferm., 1.3 rúmm.  
Erindi fylgir minnisblað frá burðarvirkishönnuði dags. 31. maí 2023, samþykki meðlóðarhafa á afriti teikningar Sei studío dags. 29. janúar 2023 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 24. febrúar 1955.  
Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Lagfæra skráningu.*

18. **Köllunarklettsvegur 4 - USK23030070** Sótt er um leyfi til að endurnýja og stækka glugga og hurðir á suðvesturhlið, koma fyrir útblástursopi fyrir loftræsinga á austurgafli, breyta innra skipulagi og sameina rými 0102 og 0103 (verður 0102) og innréttu fyrir rekstur endurvinnslu í húsi á lóð nr. 4 við Köllunarklettsveg.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga, yfirlýsing burðarvirkishönnuðar dags. 3. mars 2023, greinargerð hljóðvistar dags. 28. febrúar 2023, greinargerð brunahönnuðar dags. 27. febrúar 2023, bréf hönnuðar dags. 13. apríl 2023, mæliblað og fundargerð húsfundar dags. 17. maí 2023.  
Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

19. **Laufbrekka - USK23050222** Sótt er um leyfi til að breyta notkun á núverandi bílageymslu mhl. 02 í íbúð og innra skipulagi verði breytt auk þess að breyta bílskúrshurð í glugga og hurð.  
Gjald kr.14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

20. **Laugavegur 168 - USK23060063** Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23010019 þannig að bætt er 8. hæð ofaná stigahús á horni Laugavegar og Nóatúns, bætt við lyftu í það stigahús, innra skipulagi breytt sem því nemur og íbúðum fjölgað þannig að alls verða 85 íbúðir í fjölbýlishúsi á lóð nr. 168 við Laugaveg.  
Erindi fylgir brunahönnun frá Örugg dags. 6. júní 2023, 12. nóvember 2022 og bréf hönnuðar um breytingar dags. 5. júní 2023.  
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.  
Eftir stækkun: 11.359,9 ferm., 38.037,9 rúmm.  
Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

21. **Laugavegur 176 - USK23030048** Sótt er um leyfi til niðurrifs á matshlutum nr. 02, 03 og 04, hús á lóð nr. 176 við Laugaveg.  
Stærð niðurrifs: Mhl. 02: 1.072,0 ferm., 3.886,0 rúmm.  
Mhl. 03: 1.182,0 ferm., 6.190,0 rúmm.  
Mhl. 04: 171,0 ferm., 930,0 rúmm.  
Erindi fylgir skýringarmynd hönnuðar dags. 24. febrúar 2023, teikningar af fyrirhugaðri uppbyggingu, greinargerð endurnotkunar núverandi húsnæðis dags. mars 2021, teikningar niðurrifs áætlunar dags. 4. janúar 2023 og yfirlit tengiliða erindis dags. mars 2023.  
Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*

22. **Laugavegur 81 - USK23040103** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna lokaúttektar á innra skipulagi verslunar- og íbúðarhúss á lóð nr. 81 við Laugarveg. Jafnframt er í vísáð í erindi USK23020320 sem dregið hefur verið til baka.  
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 14. apríl 2023.  
Gjald kr. 14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

23. **Lindargata 59 - USK23050073** Sótt er um leyfi til að færa björgunarop með því að gera hurð í staðinn fyrir glugga í dagvist fyrir heilabílaða á 2 hæð í þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar á lóð nr. 59 við Lindargötu.  
Gjald kr. 14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

24. **Lyngháls 7 - USK23050030** Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu úr forsteyptum samlokueiningum á vesturhlið, að hluta á áður gerðum kjallara, við iðnaðarhús á lóð nr. 7 við Lyngháls.  
Erindi fylgir teikningaskrá  
Stækkun: 366,7 ferm., 2.750,6 rúmm.  
Eftir stækkun: 4.909,4 ferm., 25.548,3 rúmm.  
Gjald kr. 14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

25. **Njörvasund 21 - USK23050246** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í opi milli eldhúss og stofu í kjallaraíbúð auk garðurðar og glugga á suðurhlið í húsi nr.21 við Njörvasund.  
Gjald kr.14000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

26. **Norðlingabraut 2 - USK23050317** Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað á fyrstu hæð í rými 0102 sem sérhæfir sig í pizzum í húsi nr. 2 við Norðlingabraut.  
Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

27. **Rafstöðvarvegur 10-12 - USK23050098** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058945 þannig að glerhýsi verður einfaldað, útblástursrör fært í útvegg og innra skipulagi breytt í veitingahúsi á lóð nr. 10-12 við Rafstöðvarveg.  
Gjald kr. 14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.*

28. **Silfratjörn 1 - USK23040069** Sótt er um leyfi til að byggja tvö steinsteyppt fjölbýlishús með samtals 36 íbúðum í tveimur matshlutum, matshluti nr. 01 er í suðurhluta lóðar nærri Skyggisbraut og Silfratjörn er með 24 íbúðir á fimm hæðum, matshluti nr. 02 er í norðurhluta lóðar nærri Gæfutjörn og Silfratjörn og er með 12 íbúðum á þremur hæðum auk kjallara, bæði húsin eru einangruð og klædd ljósum jarðtónaðri málmplötuklæðningu að utanverðu, ásamt sorpskýli bæði milli beggja matshluta og í norðurhluta lóðar við hús á lóð nr. 1 við Silfratjörn. Stærð mhl.01: 2.208,5 ferm., 6.341,6 rúmm. Stærð mhl.02: 1.286,2 ferm., 3.828,0 rúmm. Erindi fylgir bréf hönnuðar vegna sorplausnar dags. 4. apríl 2023, bréf hönnuðar með yfirliti gagna dags. 11. apríl 2023, hæðar- og mæliblað, varmatapsútreikningar matshluta nr. 01 og 02, greinargerð hljóðvistar dags. 13. febrúar 2023 og greinargerð brunahönnuðar dags. 13. febrúar 2023. Gjald kr.14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

29. **Silfratjörn 10 - USK23050321** Sótt er um leyfi til að aðskilja byggingarleyfi fyrir hús nr. 10 við Silfratjörn.  
Gjald kr.14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Leggja þarf inn stöðuúttekt vegna byggingarstjórnarskipta.*

30. **Skildinganes 54 - BN061549** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, þ.e. hringstigi frá svölum niður í garð og setlaug nærri húsi á suðurhlíð, jafnframt er sótt um að klæða útveggi og þak nýrri veðurkápu, lengja skjólveggi til suðurs og norðurs við hús á lóð nr. 54 við Skildinganes. Stækkun: 13,7 ferm. Stærð eftir breytingu: 449,0 ferm., 1.468,1 rúmm. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið afriti teikningar hönnuðar dags. br. 10. október 2022. Gjald kr. 13.200.

*Frestað. Lagfæra skráningu*

31. **Stafnasei 4 - fjölgun íbúða - USK22090192** Álagning dagsekta samanber bréf til eigenda dags. 4. júlí 2023.

*Afgreitt.*

32. **Síðumúli 10 - BN061873** Sótt er um leyfi til að byggja hæð ofaná mhl. 01 úr timbri, klætt læstri málmklæðningu og innréttu skrifstofur og fundarherbergi, endurnýja lyftu, framlengja stigahús og byggja flóttastiga á suðvesturhlíð húss á lóð nr. 10 við Síðumúla. Erindi var grenndarkynnt frá 29. mars til og með 4. maí 2023 og samþykkt á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 21. júní 2023. Stækkun: 281,8 ferm., 1.090,8 rúmm. Mhl. 01 eftir stækkun: 865,6 ferm., 3.189,4 rúmm. Gjald kr. 13.200.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

33. **Sóleyjargata 25 - USK23050323** Sótt er um leyfi fyrir smávægilegum útlitsbreytingum og til þess að breyta innra skipulagi þannig að í stað fjögurra orlofsíbúða verður gerð ein íbúð, jafnframt er þess farið á leit að felld verði niður kvöð um að ekki megi hafa fasta búsetu í einbýlishúsi á lóð nr. 25 við Sóleyjargötu. Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 8. maí 2002. Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

34. **Sólvallagata 14 - USK23050255** Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, byggja lyftuhús norðan aðalinngangs, byggja yfir svalir ofan á inngangi, gera nýjan inngang og tröppur á norðurhlíð 1. hæðar að eldhúsi íbúðarhúss, mhl.01, byggja ofan á bílskúr, mhl.02, með aðgengi um utanáliggjandi stiga meðfram vesturhlíð, jafnframt því að byggja vaktskýli, mhl.03, fyrir öryggisgæslu í suðvestur horni lóðar og reisa öryggisgirðingu inn á lóð og meðfram lóðarmörkum aðliggjandi lóða einbýlishúss á lóð nr. 14 við Sólvallagötu.

Stækkun Mhl01: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Stækkun Mhl.02: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Stærð Mhl.03 10.0 ferm., 28.0 rúmm.

Heildarstækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 21. febrúar 2017.

Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

35. **Súðarvogur 46 - USK23030237** Sótt er um leyfi til að bæta við útihurð beint inni aðalrými verkstæðis, fylla uppí hurðargat milli anddyris og verkstæðis og færa til lagnarými og breytingar á innra skipulagi í eignarhluta 0102 í húsi nr. 46 á lóð nr. 44-48 við Súðarvog.

Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 28. apríl 2023, mæliblað dags. 15. maí 1962, hæðarblað ódagsett.

Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

36. **Tryggvagata 13 - USK23060311** Sótt er um leyfi til að taka innvegg og færa vask og stækka eldhús á lóð nr.13 við Tryggvagötu.

Gjald kr.14000.

*Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnarefirlitsins.*

37. **Tómasarhagi 27 - USK23020095** Sótt er um leyfi til að hækka mænishæð og bæta við tveimur kvistum á fjöleignahús á lóð nr. 27 við Tómasarhaga.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.

Erindi fylgir samþykki í afriti fundargerðar húsfélags, dags. 27. nóvember 2022.

Gjald kr.14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

38. **Úlfarsfell II - USK23030071** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, byggja við og endurbyggja íbúðarhús, hlöðu og fjós á lóð nr. L208499, staðfang Úlfarsfell II.

Stækkun 13.8 ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir bréf umsækjanda, mæliblað, skýringarmyndir.

Gjald kr.14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

39. **Vegbrekkur 9-15 - USK23050025** Sótt er um leyfi til að byggja hesthús á lóðarhluta nr. 13 á lóð nr. 9-15 við Vegbrekkur.

Stærð: 495,2 ferm., 1,334.5 rúmm.

Erindi fylgir hæðarblað dags. febrúar 2008 og mæliblað dags. 12. nóvember 2003. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. júní 2023 fylgir erindi.

Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

40. **Vesturgata 44 - USK23050296** Sótt er um leyfi til að bæta við útidyrhurð á norðurhlið á húsi nr.44 við Vesturgötu.  
Gjald kr.14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

41. **Vesturgata 7 - USK23060031** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta heilsugæslu fyrir skaðaminnkandi úrræði, gera tvær nýjar flóttaleiðir inn í bílakjallara og koma fyrir pallalyftu við inngang á húsi á lóð nr. 7 við Vesturgötu.  
Erindi fylgir bréf velferðasviðs.  
Gjald kr. 14.000.

*Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

42. **Ægisgata 4 - USK23050151** Spurt er hvort leyfi fengist til þess að breyta notkun og gera að gististað í flokki II, íbúðarhús á lóð nr. 4 við Ægisgötu. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. júní 2023 fylgir erindi.  
Gjald kr. 14.000.

*Afgreitt. Samanber leiðbeiningar á athugasemdablaði og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. júní 2023.*

43. **Öldugata 14 - USK23040198** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, taka í notkun háaloft og til að skipta einbýlishúsi upp í tvær sjálfstæðar eignir á lóð nr. 14. við Öldugötu.  
Stærðarbreyting v. háalofts: 83.9 ferm., 0,0 rúmm.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á ódagsettri endurgerð upprunalegra uppdráttu og bréf frá hönnuði dags. 26. maí 2023.  
Gjald kr. 14.000.

*Frestað. Vísað til athugasemda.*

#### **Fundi slitið kl. 14:50**

Nikulás Úlfar Másson  
Kristín B I. Sverrisdóttir  
Margrét Pálína Cassaro  
Sigrún Reynisdóttir  
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir